# „Ingimundur gamli"

Blað ungmennafél. „Vatnsdælingur"

| 3. tölubl. | Sunnudaginn 22. mars 1942. | XXIII. árg. |
| --- | --- | --- |

## Skemmtiferð.

Það þykir mörgum fögur sjón að sjá yfir öræfi landsins að sumri til, þegar allt er í blóma og veður yndislegt.

Ungmennafélagið „Vatnsdælingur" hafði ákveðið að fara í þriggja daga ferðalag og gista á öræfunum þennan tíma. Ferðalagið var ákveðið um 12. sumarhelgi, ef veður leyfði.

Mörgum félagsmönnum fannst þetta
tímaeyðsla um hásláttinn og afsögðu
með öllu að fara. — Fyrst voru ekki allir
sammála um hvort halda skyldi, en
samt var samþykkt að fara til Hvera-
valla og gista þar báðar næturnar
í gistiskála, sem Ferðafél. Íslands [struck through]
hefir látið reisa þar, fyrir ferða-
fólk.

Þeir, sem ætluðu í ferð þessa voru
farnir að hlakka til og töldu dag-
ana, þar til fara skyldi. — Þegar
fór að líða á 11. vikuna tóku þeir
að gera áheit, sín á hvað og þetta,
ef veðrið yrði gott. — Ákveðið var
að leggja á stað á laugardags-
morguninn og vera svo framfrá á
sunnudaginn, því þá er oft margt
um manninn á Hveravöllum og allt
iðandi af lífi og fjöri — um þetta leiti
árs.

Loks rann upp þessi fyrirhugaði dag-
ur. sem mörgum var farið að lengja
svo mjög eftir. Veðrið var hið ákjós-
anlegasta. og þegar allir voru komnir
í hópinn og lagt var af stað. var
sólin komin hátt á loft. Alls voru í
hópnum um 20 manns — fleiri höfðu
ætlað sér. en urðu nú að vera heima og
sinna um töðuna, sem lá óþurrkuð
á túnunum. — Ferðafólkið var vel hest-
að og ekki hafði þótt forsvaranlegt að
fara með annað en góða hesta í þessa
för. minnst tvo handa hverjum. Auk
þess hafði fólkið tvö" tjöld, ef rúm Hvera-
vallaskálans reyndist upptekið af öðru
ferðafólki.

Við lögðum leið okkar fram Kúlu-
heiði. Fáir voru þarna kunnugir en þó
voru þarna menn, sem höfðu farið þetta
áður. — Ferðin gekk greiðlega. Við
stoppuðum á Réttarhól á leiðinni og
snæddum þar nesti, sem við höfðum
meðferðis. Undir kvöld náðum við fram-
eftir og var þá byrjað á að spretta
af hestunum og tjalda. Síðan var
snæddur kvöldverður. og að því loknu
farið að athuga hvort ekki reyndist

mögulegt að koma öllu fólkinu fyrir í skálanum um nóttina. Því tjöldin voru of lítil fyrir svona margt fólk. Sem betur fór, var þetta hægt. Rúmstæðin voru fá fyrir að þessu sinni; en nú voru þeir að skreiðast ofan í svefnpokana og ætluðu að ferðast til draumalandsins. — Kvenfólkið var látið sofa í tjöldunum vegna þess að það voru aðeins fáir, sem höfðu svefnpoka og það af leiðandi ómögulegt að hvílast á beru fjalagólfinu. Var nú farið að sofa. Þó ekki svæfu allir vel þessa nótt — fannst ekki mjúkt rúmið. — Snemma var risið úr -ef svo mætti kallast að úr rekkjum væri risið — og tók fólkið að skoða staðinn, sem er bæði fagur og tignarlegur.

Hveravellir liggja fram á milli jökla og hér og þar eru hverir upp úr hrauninu, sem þar er. Fegursti hverinn er Bláhver, sem dregur nafn sitt af því að vatnið í honum er

blátt að lit. Þarna sáum við einnig hvar kofi þeirra Höllu og Fjalla-Eyvindar hafði staðið svo og gljúfrið, sem Halla fleygði dóttur sinni í og við reyndum að draga upp fyrir hugskotssjónum okkar, mynd þessara atburða. — Þegar við, í þessu yndislega veðri, litum yfir umhverfið og jöklahringinn hugsuðum við víst eins og Halla forðum, er hún sagði: „Fagurt er á fjöllunum mínum". — Allt var kyrrt og hljótt, nema hvað einstaka fugl rauf þögnina með hvellu kvaki og hverirnir sendu frá sér sinn dimma slitrótta söng.

Við fórum í margskonar leiki, er við höfðum skoðað allt það markverðasta. Tveir bílar komu þarna, úr Reykjavík, fullir af fólki og jók það á tilbreytinguna, enda vakti mikil gleði meðal alls fólksins. En það dugði ekki annað en ganga snemma til hvíldar, því ákveðið hafði verið að fara snemma-

lega af stað morguninn eftir svo ekki urðu komið seint heim á mánudagskvöldið. Á þriðjudaginn byrjuðum við að vera að fullu lið við heyskapinn. Á mánudagsmorguninn vorum við vaktir um sólarupprás og var þá dýrðlegt um að litast. Hestarnir voru beislaðir, og lögð á þá reiðtygin og svo haldið heimleiðis. Við stoppuðum hjá Fossmundarvatninu og hugsuðum gott til að fara út í hólmann, sem er þar sunnarlega í vatninu. Náðum við í tvo báta, sem voru við vatnið og í þeim var fólkið flutt út í hólmann í nokkrum ferðum. Hólmi þessi er þakinn víði, hvönn og mörgum tegundum blóma, svo að undrum sætir, svo lítill sem bletturinn er. — Ekki höfðum við stoppað þarna lengi, þegar einhver úr hópnum kallaði: „Af stað með ykkur, við náum annars ekki ofan í sveitina fyrr en í nótt"! — Það var líka kominn háttatími þegar við náðum heim. Að vísu nokkuð þreytt en glöð og ánægð yfir allri þeirri skemmtun sem við höfðum notið í ferðinni. Við kvöddumst og þökkuðum hvorir öðrum fyrir skemmtunina. Hvíldin beið okkar og svefninn tók okkur í faðm sinn. Við svifum inn í draumalandið með þeim góða ásetningi að vinna dyggilega það sem eftir var af vikunni og strax næsta morgun skyldi tekið til óspilltra málanna við heyskapinn.

Sárún.

## Er gróðurinn í hættu?

Ef við flettum upp í gömlum Ingimundi frá þeim árum, sem ungmennafél. var stofnað og eins frá þeim tíma sem „Málfundafélag Ástroeppa" gaf hann út, þá má þar finna ýmsar greinar er fjalla um ör-ferð, fénaðarhöld og búnaðarþáttu á þeim tíma. Nú um fleiri ára bil virðist sem mjög lítið hafi verið um það efni ritað í blaðið. Það má nú reyndar segja að í

blöðum og útvarpi sé nú meira um það
ritað og rætt en áður. Þekking og
skilningur manna á ræktun og búfjár-
kynbótum hefir og mikið aukizt hin
síðari ár, en það er ýmislegt í sam-
bandi við þessi mál, sem mér virðist
hafa verið of lítill gaumur gefinn
og í tilefni af því hefi ég sett sam-
an þetta greinarkorn án þess þó að
ég telji mig hafa þar um næga
þekkingu.

Nú á síðari árum hefir mikil
breyting orðið á búskap bænda í sum-
um héruðum landsins og veldur því
að miklu leiti sauðfjársjúkdómur sá
er nefndur er: „Mæðiveiki". Vegna hins
mikla hruns á sauðfénaði hafa bænd-
ur horfið að því ráði að auka mjög
hrossa og kúpening sinn. Þetta virð-
ist hafa verið mjög réttmæt og eðlileg
tilraun bænda til þess að reyna að
bæta sér upp þann tekjumissir, sem
þeir höfðu orðið fyrir, vegna mæðiveik-
innar.

um leið og þessi breyting hefir farið fram
hlýtur sú spurning að vakna: hvort
gróðri landsins sé nokkur hætta búin
af hinni síauknu fjölgun þessara
búfjártegunda — og því miður virðist að
það sé ekki óhugsandi. Að vísu er
það ekki löng reynsla sem fengin
er gagnvart þessu, en allt virðist
benda til að svo sé. Ýmsir kunnugir
menn álíta að afréttin sé nú þegar
farin að bera þess glögg merki að hún
sé grasminni en áður og er það vafalaust
hrossafjölguninni, sem á sinn þátt í
því. Á mörgum bæjum eru heima-
lönd að verða grasminni en áður og
hlýtur að gilda hið sama um þau
og afréttina að valdi beitun þeim aukna
kúpeningi, sem virðast hefir fjölgað
um helming og sumstaðar meira.

Það virðist og mjög benda til þess
að hross virðast koma magrari af
afréttinni en áður var og afleiðing-
in er sú að á mörgum bæjum
verður að taka mikinn hluta af

stóðhrossunum á hús, þrátt fyrir einmuna góða vetur, hvern eftir annan.

En skoðun virðist nú mjög uppi hjá ýmsum mönnum — einkum þeim yngri — að hér sé tíðarfar að breytast til hins betra, um það er erfitt að segja með nokkurri vissu en lesi maður eftir rit um árferði þá má sjá að góðæri hefir haldizt mörg ár í senn. Væri nú svo að búast mætti við hörðum vetrum, þá er alveg víst að flest eða öll hross mundu koma á hús og er þá mjög hætt við því að þrotið gæti fóður hjá ýmsum, því heyfyrningar manna virðast ekki vaxa að miklum mun. Auðvitað eru þar á nokkrar undantekningar. Það gerir og sitt til, að vinnuafl í landinu er mjög dýrt nú um skeið og bændur spara sér því að taka kaupafólk, svo sem hægt er.

Mér virðist því allt benda til að bændur séu ekki nægilega undir-

ir það búnir að mæta harðindum, því ýmsir gera sér varla ljóst hver ósköp af fóðri þarf í hin mörgu hross, ef þau ættu öll að standa við stall mikinn hluta vetrar.

Væri það svo að í afréttina og mjög heimalöndin, sé ofsett af fénaði, hlýtur það að koma í ljós að hver skepna gefi minni arð en ella. Ég held að það sé þegar farið að sjást á því hversu útigangspeningur heldur lakar holdum, en áður.

Skoðanir ýmsra, merkra manna um þetta efni t.d. Hákonar skógræktarstjóra, eru þær að þeir álíta að landið sé á hröðum skrefum til uppblásturs. Það má einnig í þessu sambandi minna á athyglisverða grein í Tímanum 3. tölubl. þessa árgangs eftir Gunnlaug Kristmundsson sandgræðslumann, sem mjög eindregið telur þessa hættu fyrir dyrum, þar sem beitarfénaður gangi landið í örtröð. Hafi skoðanir þessara manna

við rök að styðjast, er trúlegt að áður en langt um líður verði rannsakað – af hinu opinbera – þetta mál, sem er svo þýðingarmikið fyrir land og þjóð. – (Tillögur um rannsókn á búnaðarskóla landsins munu nú liggja fyrir búnaðarþingi; Ritstj.) –

Sú kynslóð, sem nú lifir og geng-ið hefir skeið sitt meira en hálft, hef-ir gert meira en nokkur önnur að því að rækta gróna túnvelli og fegra og prýða landið á margan annan hátt. En hún þarf einnig að geta skilað eftirkomendum sínum búlandinu, að minnsta kosti ekki lakara en það var er hún tók við því. Annars er hætt við því að dómur sögunnar um hana verði vafasamur og um forfeður okkar, sem bjuggu og brendu skógana svo mjög að nú sézt þess aðeins vottur á stöku stað, að í forn-öld voru til mikils skógar, í hverri sveit á Íslandi.

Ásgrímur Kristinsson

H. C. Andersen:

## Það er alveg víst.

„Það er hræðileg saga!" sagði hæna í þeim hluta borgarinnar, sem sagan hafði ekki gerst í. „Það var hræðileg saga í hænsa-húsinu. – Og þori ekki að sofa ein í nótt! Það er gott að við erum margar saman á hænsnaprikinu!" Og svo sagði hún frá svo að fjaðrirnar risu á hinum hænunum. Og hananum lét kambinn síga. Það er alveg víst!

En við skulum byrja á byrjuninni og hún var í öðrum hluta bæjarins, í einu hænsnahúsinu.

Sólin seig til viðar og hænsnin flugu upp á prikið. Ein hænan, – hún var með hvítar fjaðrir, lágfætt, verp eggjum eins og henni bar og var sem hæna virðinga-verð í alla staði. Þegar hún kom á prik-ið hjó hún í sig með nefinu, svo að það féll lítil fjöður af henni. –

„Þar fór hún", sagði hænan „því meira

sem ég reyti mig, því yndislegri verð ég" —

Það var nú sagt í gleðinni, því hún var mjög glaðvær og lét það fjúka, sem henni datt í hug.

Það var dimmt alstaðar. Hæna sat hjá henni og önnur hjá þeirri hinni og sú svaf ekki og hún heyrði og heyrði ekki eins og maður reyndar skal gera í þessari veröld, til þess að geta lifað í náð; — en annari nábúakonu sinni varð hún þó að segja það:

„Heyrðirðu hvað var sagt þar? Ég nefni engan, en það er hæna sem vill reyta sig, til þess að líta vel út! Væri ég hani, mundi ég fyrirlíta hana."

Og beint fyrir ofan hænsnin sat uglan með uglukarlinum og uglubörnin. Þau höfðu skörp augu, og þessi fjölskylda heyrði hvert orð, sem nábúakonan sagði og þau ranghvolfdu augunum og uglumamma baðaði út vængjunum.

„Hlustið ekki á þetta; en þið heyrðuð sjálfsagt hvað var sagt þar. Ég heyrði það með mínum eigin eyrum. Og maður má heyra margt áður en þær falla af. Það er ein hæna, sem hefir gleymt því, sem hænum sómir: Hún plokkar af sér allar fjaðrirnar og lætur hanann horfa á það."

„Gætið að börnunum"! sagði uglupabbi. „Þetta er ekki fyrir börnin." „Ég ætti þó að segja uglunni, sem býr á móti, frá því. Það er svo virðingarverð ugla í umgengni", sagði mamman og síðan flaug hún burt.

„Hu, hu, uhu! sögðu þær báðar, svo það heyrðist niður í dúfnahúsið til dúfnanna. „Hafið þið heyrt það! Hafið þið heyrt það? uhu! Það er hæna, sem hefir plokkað af sér allar fjaðrirnar vegna hanans! Hún frýs í hel, — ef hún er það ekki búin að því, nú þegar, uhu!

„Hvað! — Hvað? kurruðu dúfurnar í garði nábúans. Ég hef sama sem sjálf séð það! Það er næstum tilhlýðilegt að segja að

segja frá – og það er alveg víst!“

„Svei, svei hverju einasta orði!“ sögðu dúfurnar og kurruðu niður í hænsnastíuna, „það er hæna. – Já sumir segja að þær séu tvær, sem hafa plokkað af sér allar fjaðrirnar, til þess að líta ekki út eins og hinar og vekja þannig athygli hanans. – Það er áhættuspil, maður getur ofkælt sig og dáið úr lungnabólgu – og þær eru líka báðar dauðar.“

„Vaknið! vaknið!“ galaði haninn og flaug upp á skíðgarðinn. Hann var enn með stírurnar í augunum, en hann galaði samt sem áður: „Það eru þrjár hænur dauðar af óhamingjusamlegri ást á hana; þær hafa plokkað allar fjaðrirnar af sér. Það er ljót saga. – Ég vil ekki halda henni hjá mér: látið hana halda áfram.“

„Látið hana halda áfram,“ sögðu leðurblökurnar og hænurnar klöktu og haninn galaði: „Látið hana halda áfram! látið hana halda áfram!“ Og svo þaut sagan frá hænsnahúsi til hænsnahúss og að síðustu til staðarins sem hún eiginlega átti upptök sín:

„Það eru fimm hænur“ hljóðaði sagan „sem allar hafa plokkað af sér fjaðrirnar, til þess að sýna hver þeirra sé orðin horuðust af ástarsorg til hanans – og svo hjuggu þær hverja aðra til blóðs þar til þær féllu dauðar niður til skammar og svívirðingar fyrir fjölskyldu þeirra og mikils skaða fyrir eigandann.“

Og hænan, sem hafði misst hina lausu litlu fjöður, þekkti auðvitað ekki sína eigin sögu aftur og þar sem hún var mjög virðingarverð hæna, sagði hún: „Ég fyrirlít þessar hænur! – En það eru fleiri af því tagi. – Yfir slíku á maður ekki að þegja og ég vil fyrir mitt leyti stuðla að því að þessi saga komist í blöðin og gangi svo um allt land. Það hafa þessar hænur átt skilið og öll fjölskyldan líka!“ – Og það kom í blöðunum

og það var prentað, og það er alveg
víst, að: lítil fjöður getur vel orð-
ið að fimm hænum.

Lausl. þýtt.

Hreiðar heimski.

## Tilhlökkun.

Vaknar bráðum vor í runnum
viðjar sprengir. yztu brag.
Skreytir blóm á útharfs unnum
árdagsgull og sólarlag.
Þakkarljóð frá þúsund munnum
þá er sungið langan dag.

Enn þá vilja vonir sýna,
vorið koma - bros og yl.
Söngur nálgast sálu mína,
svo ég finn hvað helzt ég vil:
Halda í milda munda þína.
mega fara að hlakka til.

Kr. Sig.

## Raddir um félagsmálin.

Í síðasta blaði „Ingimundar" var spurt á þá leið: hvers sé hin raunverulega stefna ungmennafélagsins og þess óskað að meðlimir fél. svöruðu spurningunni — og sjálfir samkvæmt því!!

Það er ekki nema gott eitt um það að segja að svona spurningar komi fram; þar sem þær gefa tilefni til íhugunar um starfsemi fél. og sú íhugun gæti leitt til þess, að einhver eða einhverjir reyndu að beita áhrifum sínum — finnist þeim svo að félagið starfi ekki á þeim grundvelli sem þeir telja æskilegast.

Svo virðist sem spyrjandinn sé ekki ánægður með starfsemi félagsins, eða öllu heldur starfsleysi. En því kemur hann (hann) þá ekki fram með tillögur sínar og reynir á þann hátt að fá svar við spurningu sinni?

Annars er spurningunni fljótsvar-

að: Stefna U.M.F.Í. er hin sama og stefna annara ungmennafélaga: að vinna að menningar og framfaramálum yfirleitt, eftir því sem nánar er fram tekið í stefnuskrá U.M.F.Í. Hitt er svo hægt að deila um hversu tekizt hefir hverju okkar félaga að starfa samkv. þessu.

Ég er sammála spyrjandanum um það að bæði í þessu félagi og mörgum öðrum, sé starfsemin reykul og svari í mörgum tilfellum ekki til þess markmiðs, sem fél. er ætlað að ná. Og í sambandi við það hefir mér dottið í hug, hvort einhverjum hluta þessara félaga sé ekki í raun og veru ofaukið. Víst er um það að æði mörg fél. grípa hvert inn á annars verksvið og má því af leiðandi telja líklegt að það eitt geti – a.m.k. í sumum tilfellum – verið nægileg ástæða til þess að deyfa framtakið sbr. það mannlega fyrirbrigði, sem felst í því að reyna að koma vandanum af-

sínu og áhyggjunni yfir á annara herðar. En sé það nú svo að ýms þessara félaga hafi að nokkru leyti sama verksvið, þá finnst mér að í stað þess að þetta hafi nei-kvæð áhrif á starfsemi félaganna, þá ætti að geta orðið samvinna milli þeirra um þau verkefni er félögin vilja vinna að. Skal ég í því sambandi benda á að t.d. búnaðarfélög, kvenfél. og ungmennafél. vilja öll vinna að ræktunarmálum og heimilisiðnaði. Sama má og segja með tvö síðarnefndu félögin að þau ættu samleið um að vinna að bættu íþróttalífi í sveitunum, því þótt mér sé ekki kunnugt um að kvenfélögin vinni beint að íþróttamálum þá er þó ekkert eðlilegra en kvennfél. konurnar, sem í mörgum tilfellum eru mæður framvaxta dætra, ætlu styðja starfsemi ungmennafél. í íþróttamálunum – og það eru einmitt konurnar sem hafa töfrasprotann í hendi sinni. Þær eru sterkasta valdið á heimilunum og það

eru heimilin, sem fyrst og fremst
mynda grundvöllinn undir starfsemi
þessara félaga beggja.
En svo vikið sé nánar að okkar eig-
in félagi, þá vildi ég í fáum orðum
vara við of mikilli svartsýni á starf-
semi þess þótt ég hinsvegar játi að
félagsskapurinn gæti verið betri. Því
miður hefir lítið verið unnið að í-
þróttamálunum, ræktunarmálunum og jafn-
vel bindindismálunum. Þá munið þið e.
t. v. spyrja sem svo: hvað er þá orðið
okkar starf í þessi 17 ár síðan félagið
var stofnað? Jú, félagið hefir byggt sér
hús og á það skuldlaust. Það eitt sýn-
ir að félagsskapurinn hefir verið meira
en nafnið og til samanburðar má
geta þess að þau félög í sýslunni,
sem hafa ráðist í hliðstæðar fram-
kvæmdir eru í miklum skuldum þar
af leiðandi. Félagið hefir gefið út
blað frá byrjun og að minni hyggju
með meiri myndarskap en önnur
ungmennafél. í sýslunni. Og viljið

þið svo hugleiða hvað starf liggur í
því að halda félaginu saman í 17
ár. Mikill hluti þessa tíma, hefir
verið umrótstími í okkar þjóðfélagi
og þá ekki sízt meðal unga fólksins.
Gömlum kenningum og lífsskoðunum
hefir verið kollvarpað og annað nýtt
tekið í staðinn. Á eitt atriði skal bent.
sem stórkostleg áhrif hefir haft á
félagsstarfsemina. Um það leyti sem
ungmennafélögin hófu göngu sína hér
á landi var vöxtur kaupstaðanna mjög
lítill og það að þeir drægju unga fólkið
úr sveitinni var þá óþekkt fyrirbrigði.
Af því leiddi ekki einungis það, að í
sveitunum væri mikið fleira ungs fólks,
en nú er yfirleitt heldur og líka það
að starfskraftar þess í þágu félagsmála
nutust miklu betur en nú þegar
mikill meiri hluti unga fólksins eru
eins og farfuglar heima í sveitunum,
byggir það ekki á neina framtíð og
leggur þar af leiðandi ekki slíka rækt
við málefni æskunnar í sveit sinni sem

það unga fólk mundi gera sér hyggð þar framtíð sína.

Að þessu athuguðu held ég að þetta eina atriði geri það skiljanlegt hvernig bæði þetta félag og mörg önnur voru í molum að framgangi sinna stefnuskráratriða. Og einmitt þessvegna er ekki ástæða til að ~~hafa~~ með svartsýni móti framtíðinni því það væri sama og að missa trúna á landið okkar, en hún er að minni hyggju að vaxa með síaukinni þekkingu á kostum þess. Og þegar augu alls þorra fólks hafa opnast fyrir gæðum landsins mun afleiðingin m.a. verða sú að sveitalífið og sveitamenningin mun þokast upp úr þeim öldudal, sem myndast hefir við þá blóðtöku, sem dreifbýlið hefir orðið fyrir með brottflutningi unga fólksins til kaupstaða og sjávarþorpa.

Og þegar unga fólkið fer að una heima í sveitinni sinni mun renna upp ný blómaöld ungmennafélagsskap-arins í landinu. Kemur fram af þeirri þörf æskunnar að reyna krafta sína og hugkvæmni og skapa sér þau hillingalönd, sem hvern ungan mann og konu dreymir um. Lönd, sem nútíma-æskan virðist halda að sé að finna á hinum margtroðnu slóðum bæjalífsins, en verða einungis að raunveruleika með vextinum lýðs og lands. - og það er einmitt stefna ungmennafélaganna.

Gr. Gíslason.

Ritstjóri: Grímur Gíslason.